

## Skýrsla golfnefndar Kiwanis 2010

### Klúbbamót Akóges – Kiwanis – Oddfellow 2010

Klúbbamótið árið 2010 fór fram hvítasunnudaginn 23. maí í Vestmannaeyjum sem áður. Upphaflega átti að hefja leik kl. 13.00 en viðmiðunarmót öldunga, svokallað LEK-mót, var haldið sömu helgi og voru sumir af heldri kylfingunum heldur lengi í hús. Því hófst leikur um 13.30 og var ekki bjart yfir mönnum. Öskufall úr Eyjafjallajökli rúmri viku áður gerði það að verkum að völlurinn var þungur og ryk þyrlaðist upp úr grasinu við hvert högg og lendingu bolta. Lítið skyggni var vegna þoku og erfitt að fylgja boltum eftir í lengri höggum. Fljótlega rofaði þó til eins og eftir pöntun og spiluðu kylfingar því í hæglætisveðri, sól og um 10 stiga hita.

Keppendur voru alls 81 talsins og luku allir nema þrír hringnum. Ástæða þessa fjölda var sú nýbreytni að umsjónarklúbbur mótsins fékk góðfúslegt leyfi golfnefndarmanna hinna klúbbana til að halda Landsmót Kiwanis samhliða þessu móti. Tíu aðilar mættu af fastalandinu í það mót og voru sjálfkrafa þátttakendur í klúbbamótinu. Þrír félagar úr Eldey mættu ásamt tveimur mökum, tveir félagar úr Höfða ásamt einum maka og einn félagi úr Hraunborg ásamt sínum maka. Einnig mættu tvö lið Oddfellowa, sex úr Reykjavík og sjö úr Keflavík, auk árlegra gesta Akóges úr Reykjavík sem voru að þessu sinni fjórir talsins. Báðir heimaklúbbarnir kepptu í sérstöku móti við bræður og féлага af fastalandinu og því má segja að 4 mót hafi farið fram á sama tíma. Leikurinn gekk vel og komu menn í hús á skikkanlegum tíma þrátt fyrir að Landsmót Kiwanis hafi spilast sem högggleikur en ekki punktkeppni eins og önnur mót. Innsláttur skorkorta og útreikningur í hinum og þessum keppnum tók hins vegar langan tíma og höfðu margir yfirgefið golfskálann þegar úrslit voru kunngerð. Því var það mál manna að þetta fyrirkomulag yrði ekki aftur.

Alls voru 54 þátttakendur úr röðum heimamanna, 20 frá Kiwanisklúbbnum Helgafelli, 18 frá Akóges og 16 frá Oddfellow. Úrslit voru eftirfarandi:

#### Aðalkeppni – Skeljungsskjöldurinn (13 bestu töldu – einungis klúbbar úr Vestm.eyjum)

- |         |           |     |         |
|---------|-----------|-----|---------|
| 1. sæti | Kiwanis   | 362 | punktur |
| 2. sæti | Akóges    | 349 | punktur |
| 3. sæti | Oddfellow | 331 | punktur |

#### 6 manna sveitakeppni – fyrirfram ákveðnir leikmenn (4 bestu töldu)

- |         |               |     |         |
|---------|---------------|-----|---------|
| 1. sæti | Kiwanis Vm    | 117 | punktur |
| 2. sæti | Akóges Vm     | 114 | punktur |
| 3. sæti | Oddfellow Vm  | 102 | punktur |
| 4. sæti | Akóges Rvk    | 98  | punktur |
| 5. sæti | Oddfellow Rvk | 90  | punktur |
| 6. sæti | Oddfellow Kef | 88  | punktur |
| 7. sæti | Kiwanis Eldey | 77  | punktur |

#### Einstaklingskeppni

- |         |                       |                 |    |         |
|---------|-----------------------|-----------------|----|---------|
| 1. sæti | Guðmundur Jóhannsson  | Kiwanis Vm      | 32 | punktur |
| 2. sæti | Sigurjón H. Adolfsson | Kiwanis Vm      | 32 | punktur |
| 3. sæti | Guðbjörg Óskarsdóttir | Kiwanis Hraunb. | 32 | punktur |

## Nándarverðlaun

2. braut	Axel Alfreðsson	Akóges Rvk	1,21 m frá holu
7. braut	Haraldur Óskarsson	Akóges Vm	1,35 m frá holu
12. braut	Magnús Steindórsson	Akóges Vm	0,70 m frá holu
14. braut	Jóhannes Þ. Sigurðsson	Kiwanis Vm	0,72 m frá holu
17. braut	Magnús Benónýsson	Kiwanis Vm	1,15 m frá holu

## Keppni milli Akógesfélaganna

### 6 manna sveitakeppni (4 bestu tölðu)

1. sæti	Akóges Vm	114 punktar
2. sæti	Akóges Rvk	98 punktar

## Keppni milli Oddfellowklúbba

### 6 manna sveitakeppni (4 bestu tölðu)

1. sæti	Oddfellow Vm	102 punktar
2. sæti	Oddfellow Rvk	90 punktar
3. sæti	Oddfellow Kef	88 punktar

## Einstaklingskeppni

1. sæti	Upplýsingar vantar
2. sæti	Upplýsingar vantar
3. sæti	Upplýsingar vantar

## Landsmót Kiwanis

Engin gestur var að þessu sinni og því ekki keppt í þeim flokki.

### Kvennaflokkur með forgjög

1. sæti	Guðbjörg Óskarsdóttir	Hraunborg	81 högg
2. sæti	Bryndís Hinriksdóttir	Eldey	82 högg
3. sæti	Nanna Sigríður Þorleifsdóttir	Eldey	99 högg

### 2. flokkur með forgjög (20,1-36)

1. sæti	Ragnar Ragnarsson	Helgafell	78 högg
2. sæti	Elías J. Friðriksson	Helgafell	87 högg
3. sæti	Helgi Ingvar Guðmundsson	Eldey	98 högg

### 2. flokkur án forgjafar (20,1-36)

1. sæti	Guðmundur Jóhannsson	Helgafell	101 högg
2. sæti	Magnús Benónýsson	Helgafell	106 högg
3. sæti	Jón Kjartan Sigurfinnsson	Höfði	106 högg

### 1. flokkur með forgjög (-20)

1. sæti	Stefán Sævar Guðjónsson	Helgafell	78 högg
2. sæti	Sigurður Þór Sveinsson	Helgafell	79 högg
3. sæti	Guðni Þórir Walderhaug	Höfði	79 högg

## 1. flokkur án forgjafar (-20)

1. sæti	Sigurjón H. Adolfsson	Helgafell	82 högg
2. sæti	Arnsteinn Ingi Jóhannesson	Helgafell	84 högg
3. sæti	Hlynur Stefánsson	Helgafell	88 högg

## Aukaverðlaun (Einstaklingur af fastalandinu, besta skor með forgjöf)

Guðni Þórir Walderhaug	Höfði	79 högg
------------------------	-------	---------

## Verðlaun

Verðlaun þetta árið voru vegleg og gefin af mörgum fyrirtækjum. Sparisjóðurinn veitti mjöð í upphafi móts sem sjálfsagt gaf einhverjum forskot en skýrir kannski fáa punkta hjá mörgum. Bennó gaf þrjú glæsileg málverk samtals að verðmæti 75.000 kr. og hrepptu einstaklingar í þremur efstu sætunum þau. Þeir fengu einnig útivistarpeysur frá Olís að verðmæti 9.450 kr. hver. Besti einstaklingurinn fékk auk þess fjarlægðarkíki að upphæð 35.000 kr. frá Geisla, Eyjatölvur færðu þeim næstbesta um 10.000 kr. gsm síma og Raggi Rakari gaf snyrtitösku að verðmæti 8.000 kr. í þriðja sæti. Skóverslun Axel Ó. gaf golfkúlur að verðmæti 5.000 kr í nándarverðlaun og Skeljungur bætti um betur og gaf sömu verðlaunahöfum þrjá bílabónpakka að verðmæti 8.000 kr. hver. Heildarverðmæti vinninga voru því um 185.000 kr.

Í Landsmóti Kiwanis voru gefin aukaverðlaun, en besti Kiwanisfélaginn af fastalandinu fékk gjafabréf frá Golfklúbbi Vestmannaeyja sem innihélt golfhring fyrir fjóra á Vestmannaeyjavelli. Íslandsbanki hljóp undir bagga með verðlaun í Landsmótinu og greiddi 20.000 kr. fyrir alla eignargripi.

## Framkvæmd

Í golfnefnd Kiwanis, sem sá um mótið að þessu sinni, sátu Arnsteinn Ingi Jóhannesson formaður, Ragnar „rakari“ Guðmundsson, Sigmar Pálmason, Hlynur Stefánsson og Sigurður Þór Sveinsson. Fulltrúi Akóges í framkvæmdanefnd mótsins var sem áður Sigurgeir Jónsson og fulltrúi Oddfellow var Gísli H. Jónasson. Kiwanisfélagar, þeir Konráð Konráðsson úr Eldey og Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri, voru Helgafellsfélögum innan handar við skipulagningu og framkvæmd landsmótsins.

Mótið fór eins og áður segir fram í blíðskaparveðri og fengu mótsgestir góða humarsúpu og brauð að keppni lokinni sem var innifalið í 4.000 kr. þátttökugjaldi. Ellefu konur tóku þátt, fimm úr Oddfellow, 4 úr Kiwanis og 2 úr Akóges. Þar af komu fjórar konur af fastalandinu, allar úr Kiwanis.

Oddfellow mun sjá um klúbbakeppnina árið 2011.

---

F.h. golfnefndar Kiwanis  
Arnsteinn Ingi Jóhannesson